

Föstudaginn 26. júní 1998.

Nr. 261/1998.

Lögreglustjórnin í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Ragnari Kornelíusi Lövdal

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1998 um að banna varnaraðila brottför af landinu allt til miðvikudagsins 12. ágúst nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdóms verði staðfest.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti hafa borist alls 22 kærur á hendur varnaraðila vegna ætlaðra brota hans í starfi sem bílasala gegn ákvæðum 155. gr., 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi síðasta kæran borist 18. þessa mánaðar. Samanlagt fjártjón af brotum varnaraðila nemi verulegum fjárhæðum, rúmlega 37 milljón krónum.

Sóknaraðili kveður frumrannsókn lokið hjá lögreglu og að málið hafi borist lögfræðideild embættis hans til formlegrar afgreiðslu 23. þessa mánaðar. Sé því eftir að taka ákvörðun um málsókn, og sé frekara farbann nauðsynlegt til að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan henni með því að fara af landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs málsins verður að telja, að fullnægt sé skilyrðum 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir framhaldi farbanns varnaraðila. Samkvæmt þessu verður hin kærða ákvörðun staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1998.

Ár 1998, þriðjudag 16. júní, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa.

Fyrir er tekið mál nr. R-134/1998: Krafa lögreglustjórans í Reykjavík um, að Ragnari Kornelíusi Lövdal verði gert að sæta áfram farbanni.

Kl. 13.30 kemur í dóminn Guðjón Magnússon, fulltrúi lögreglustjóra, og gerir þá kröfu, að Ragnari Kornelíusi Lövdal, Garðhúsum 6, Reykjavík, kt. 280958-2559, verði á grundvelli 110. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 áfram bönnuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 12. ágúst nk. kl. 16.00.

Kl. 13.30 kemur í dóminn kærði, Ragnar Kornelíus Lövdal, Garðhúsum 6, Reykjavík, kt. 280958-2559. Með honum kemur Hilmar Ingimundarson hrl., skipaður verjandi hans.

Kærða er bent á, að honum sé óskilyt að svara spurningum, sem varða brot það, er honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 19/1991, og er hann enn fremur áminntur um sannsögli, sbr. 1. mgr. 33. gr. sömu laga. Honum er jafnframt bent á, að honum sé heimilt að ráðfæra sig við skipaðan verjanda, meðan á þinghaldi stendur, sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Kærða er kynnt krafa lögreglustjóra. Kærði kveðst mótmæla kröfunni.

Af hálfu lögreglustjóra er tekið fram, að frá því að kærða var gert að sæta farbanni 28. apríl sl., hafi bæst við fjórar kærur á hendur honum. Mál nr. 010/1988 – 11242, – 11247, – 12129, – 13846. Um er að ræða kærur vegna ætlaðra fjársvika, kröfufjárhæð um 5.240.000 kr. Rannsókn málanna er komin á lokastig hjá rannsóknardeild lögreglustjórans í Reykjavík, og mun málið verða afhent lögfræðideild embættisins til ákvörðunar í vikulokin. Um forsendur fyrir kröfunni er vísað til kröfu um farbann, sem lögð var fram 28. apríl sl.

Sakarefnið er borið undir kærða.

Mál nr. 010/1998 – 11242: Kærði vísar í skýrslu sína hjá lögreglu og óskar ekki eftir að tjá sig frekar um þetta mál.

Mál nr. 010/1998 – 11247: Kærði vísar í skýrslu sína hjá lögreglu og óskar ekki eftir að tjá sig frekar um þetta mál.

Mál nr. 010/1998 – 12129: Kærði vísar í skýrslu sína hjá lögreglu og óskar ekki eftir að tjá sig frekar um þetta mál.

Mál nr. 010/1998 – 13846: Kærði vísar í skýrslu sína hjá lögreglu og óskar ekki eftir að tjá sig frekar um þetta mál.

Þrjár lögregluskýrslur, sem teknar voru 22. maí sl., tvær skýrslur teknar

27. maí sl., ein skýrsla tekin 2. júní sl., þrjár skýrslur teknar 8. júní sl., tvær skýrslur teknar 11. júní sl. og ein skýrsla tekin 15. júní sl. eru bornar undir kærða. Hann kveður rétt eftir sér haft í skýrslunum og kannast við undirritun sína undir þær.

Fulltrúi lögreglustjóra ítrekar gerða kröfu. Segir hann málið umfangsmikið og rannsókn þess lokið. Næst liggja fyrir að taka ákvörðun um ákæru og reka málið fyrir dómstólum.

Verjandi kærða krefst þess, að kröfu lögreglustjóra um farbann verði hafnað, og rökstyður það nánar. Bendir hann m. a. á, að því skilyrði 110. gr. laga nr. 19/1991, að um nauðsyn þurfi að vera að ræða, sé ekki fullnægt.

Er nú tekin svofelld ákvörðun.

Á k v ö r ð u n :

Dómari tilkynnir kærða, Ragnari Kornelíusi Lövdal, að samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sé honum bönnuð för úr landi. Bann þetta stendur allt til miðvikudagsins 12. ágúst 1998 kr. 16.00.
